

Skýrsla stjórnar Þeistareykja ehf. fyrir tímabilið 26.06.00-20.06.01.

Góðir Aðalfundargestir.

Ég bíð alla fundargesti velkomna.

Ég ætla að fara yfir helstu atburði sem tengjast Þeistareykjum ehf frá síðasta Aðalfundi og til dagsins í dag.

Í lok júlímánaðar var hafist handan við að styrkja vegi í nágrenni Þeistareykja þannig að koma mætti bortæki til að bora kaldvatnsholu um 2 km norður af Þeistareykjum. Verkinu lauk í byrjun ágústmánaðar og hafði um 4,5 km kafla af veginum verið styrktur þannig að koma mætti bortæki að borstað, en einnig var vegur lagður fram hjá snjóþyngsta kaflanum sunnan Þeistareykja. Verkið var unnið af Steinsteypi í Aðaldal og var kostnaður 2.440.453 kr. Framkvæmdaáætlun hljóðaði upp á 2,5 millj.kr..

11.-26 ágúst var boruð 151 m djúp 10" kaldavatnshola u.þ.b 2 km norður af Þeistareykjum. Verkið var unnið með jarðbornum Ými frá Jarðborunum. Borun og fóðrun gekk vel allt niður á 100 m dýpi, en þá brotnaði hluti borkrónunnar af. Það tókst að fiska brotin upp, en neðri brún fóðringar virðist hafa laskast, þannig að ekki var hægt að fóðra dýpra. Að mati sérfræðinga er þó hægt að dæla miklu magni af 25°C heitu vatni úr holunni þar sem bergið er heilt og stendur vel niður fyrir vatnsborð sem er á um 100 m dýpi. Kostnaður við borverkið var 3.010.060 kr. Framkvæmdaáætlun hljóðaði upp á 3,2 millj.kr. Orkustofnun skilaði greinagerð um þessa ferskvatnsöflun í september 2000.

Stjórn Þeistareykja ákvað að fá ráðgjöf Orkustofnunar um hvernig best væri staðið að framhaldsrannsóknnum á Þeistareykjum. Orkustofnun skilaði þessari greinagerð 2 nóv. 2000. Helst niðurstöður í greinagerðinni eru:

1. Fyrirliggjandi yfirborðsrannsóknir sem byggja á jarðfræðikortlagningu, viðnámsmælingum og efnagreiningum benda eindregið til að öflugt háhitasvæði sé að finna á Þeistareykjum þar sem hiti í jarðhitakerfinu sé um og yfir 280°C.
2. Næsta stig rannsókna er að bora djúpa rannsóknarholur til að staðfesta niðurstöður yfirborðsrannsókna.
3. Mælt er með því að fyrst verði boruð 1200 m djúp hola skammt frá skálanum á Þeistareykjum. Hún verði þannig úr garði gerð að hana megi nota sem vinnsluholu ef hún hittir á góðar vatnsæðar. Með því að gera holunna þannig úr garði að hún nýtist til orkuframleiðslu, mætti hefja slíka framleiðslu með fremur stuttum fyrirvara ef kaupandi finnst að orkunni. Bent er á að framundan sé aukið frelsi til framleiðslu og sölu á raforku. Jafnframt þarf að tryggja að nægt skolvatn sé til staðar úr þeim holum sem boraðar hafa verið til að afla skolvatns.
4. Áður en borun getur hafist þarf að fá úrskurð Skipulagsstofnunar um hvort borunin þurfi að fara í umhverfismat. Undirbúa þarf gögn í hendur Skipulagsstofnunar vegna þessa. Áætlað er að það taki 16-24 vikur að undirbúa málið og fá endanlegan úrskurð um hvort umhverfismats sé þörf.

Lagt er til að sem fyrst verði hafist handar við að útbúa viðeigandi gögn sem leggja þarf fyrir Skipulagsstofnun vegna þessa úrskurðar.

5. Þurfi að vinna umhverfismat má reikna með að það taki allt að 1,5 ár til viðbótar að fá leifi til framkvæmda.

Boðað var til aukahluthafafundar 7 des. hjá Norðurorku á Akureyri. Þeir Benedikt Steingrímsson og Bjarni Gautason frá Orkustofnun kynnti ofangreinda skýrslu og svöruðu ýmsum fyrirspurnum fundarmanna. Lögð var fram eftirfarandi fjárhagsáætlun:

Lagfæring á vegi og borplan	2,5 millj.
Kaldavatnsdæla	5,5 millj.
Leifi til borunnar og aðrar rannsóknir	1,0 millj.
Annað	1,5 millj.
Samtals	10,5 millj.

Ákveðið var að fá Orkustofnu til að útbúa gögn í hendur Skipulagsstofnunnar til að fá endanlegan úrskurð um hvort þörf sé á umhverfismati fyrir þá boráætlun sem er í greinagerð Orkustofnunnar. Á hlutahafafundinum var tekið fyrir erindi frá Jarðborunum þar sem þeir óska eftir þáttöku í félaginu. Þessu erindi var hafnað að svo komnu máli.

Stjórnarfundur var haldinn að Rauðuskriðu þann 14 des. fyrir fundinum lágu ofangreind fjárhagsáætlun og nýtt hlutafé fyrir næsta ár.

Stjórnarfundur var haldinn í Sölku þann 20 júní kl. 13. Aðalefni fundarins er undirbúningur fyrir aðalfund.

Á ofangreindu tímabili hefur eftirfarandi verið greitt fyrir ráðgjöf Orkustofnunnar 904.460 kr á árinu 2000 og 479.221 kr á árinu 2001.

Ekki var framkvæmt neitt við jarðskjálтанet og kortagerð á árinu 2000.

Hreinn Hjartarson

Aðalfundur Þeistareykja ehf
Haldin í Sölku á Húsavík
Miðvikudaginn 20. júní 2001
kl 14:00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við samþykktir félagsins þannig:

1. Fundarsetning, kjör fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur fyrir 2000 lagður fram
Hefur áður komið fram og er undirritaður.
4. Kjör fimm manna í stjórn, tveggja varamanna í stjórn og kjör endurskoðenda.
Tillaga um óbreytta stjórn nema hjá Norðurorku verður Hákon Stefánsson aðalmaður o Svanbjörn Sigurðsson varamaður.
5. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað/tap, um arð og framlög í varasjóð.
Legg til að ekki verði greiddur arður og verði jafnað af eigin fé. Þar sem tap er á rekstri eru ekki forsendur til að greiða í varasjóð.
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda.
Legg til að stjórnarlaun verði óbreytt frá því sem áður hefur verið samþykkt í stjórn 8000 kr/fund
7. Önnur mál.
Kynnig Bjarna Gautasonar á tilkynningu til skipulagsstjóra